

varnarlaun skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.

Engin bótakrafa hefur borist í málið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjálmar Baldursson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. maí 1984 til 18. júlí 1984, að fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000 og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.

Föstudaginn 6. júní 1986.

Nr. 160/1984. **Elínborg Kjartansdóttir**
vegna einkafirma síns
Videoheimsins

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Laugarásbíói og Háskólabíói

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Lögbann. Höfundaréttur. Myndbandssnælda. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1984. Krefst hann þess að lögbannsgerð frá 21. desember 1982 verði felld úr gildi og áfrýjandi sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu, og að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 18.946,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 21. desember 1982 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim

degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, en hefur fallið frá fyrri kröfu sinni um vexti á málskostnað.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst fjórar vikur frá birtingu dóms Hæstaréttar. Eftir þessum mála-lokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektarinnar er fjórar vikur frá birtingu dóms Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Elínborg Kjartansdóttir vegna einkafirma síns, Videoheimsins, greiði stefndu, Laugarásbíói og Háskólabíói, 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. júní sl., er í aðalsök höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Laugarásbíói, Laugarási, Reykjavík, nnr. 6052-3886 og Háskólabíói, Hagatorgi, Reykjavík, nnr. 3808-0008, gegn Elínborgu Kjartansdóttur, Vesturgötu 11, Reykjavík, nnr. 1998-5164, persónulega og f.h. skrásetts einkafirma hennar, Videóheimsins, Tryggvagötu 32, Reykjavík, nnr. 9189-4165, með stefnu útgefinni 28. desember 1982 og birtri 14. janúar 1983.

Aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, höfðaði gagnsök í málinu með stefnu framlagðri í dóm 1. desember 1983.

Dómkröfur stefnenda í aðalsök eru þessar:

1. Að staðfest verði lögban sem lagt var með úrskurði borgarfégetans í Reykjavík, uppkveðnum 21. desember 1982, við útleigu, útlánnum og sölu

stefnda á myndbandssnældu með kvikmyndinni „The Hunter“ sem er eign kvikmyndaveranna Paramount Pictures og Universal Pictures og seld hefur verið af CIC, London.

2. Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnendum skaðabætur in solidum að fjárhæð kr. 8.946,00 ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

3. Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnendum miskabætur in solidum að fjárhæð kr. 15.000,00 ásamt dómvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

4. Að dæmt verði, að myndbandið „The Hunter“ í fórum stefndu verði án endurgjalds gert upptækt til handa stefnendum.

5. Að stefndu verði dæmd til þyngstu refsingar er lög leyfa, skv. 1. mgr. og 1. tl. 2. mgr. 54. gr. laga um höfundarétt nr. 73/1972.

6. Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnendum in solidum málskostnað samkvæmt mati réttarins, þ.á m. kostnað við framangreint lög-bann.

Kröfugerð stefnenda í aðalsök var þannig endanlega fram sett eftir breyt-ingar og nánari útfærslu í þinghaldi 15. maí sl. er bókuð var fjárhæð skaða-bótakröfu skv. kröfulið 2, kr. 8.946,00, og dómvaxta samkvæmt kröfu-liðum 2 og 3 var krafist til greiðsludags, jafnframt því sem sakarefnið sam-kvæmt kröfuliðum 1 og 4 var takmarkað við eitt eintak af myndbandinu „The Hunter“.

Með dómi uppkveðnum í málinu hinn 6. júlí sl. var skaðabótakröfu samkvæmt kröfulið 2 vísað frá dómi ex officio.

Dómkröfur stefndu í aðalsök eru þær að lögbannsgerðin frá 21. desem-ber 1982 verði felld úr gildi og stefnda sýknuð af öllum kröfum stefnenda í málinu. Jafnframt krefst stefnda þess að henni verði dæmdur málskostn-aður úr hendi stefnenda er beri 5% dráttarvexti á mánuði frá birtingardegi dóms til greiðsludags hvernig sem málið fer.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær dómkröfur að gagnstefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta samtals að fjárhæð 18.946,00 með 42% ársvöxtum frá 21. desember 1982 til 21. september 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er þess krafist að gagnstefndu verði dæmdir til að greiða gagnstefn-anda allan málskostnað að skaðlausu þ.m.t. málskostnað í lögbannsmálinu C 69/1983.

Dómkröfur gagnstefndu í gagnsök eru þær að þeir verði sýknaðir af öll-um kröfum gagnstefnanda í málinu og gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að kvaðalaus.

Málið var munnlega flutt hinn 15. maí sl. og var málið dómtekið þann

dag. Það var endurupptekið hinn 12. júní sl., endurflutt 14. júní sl. og dómtekið að nýju þann dag.

Sáttauleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau að á árinu 1982 hóf aðalstefndi, Elínborg Kjartansdóttir, rekstur myndbandaleigu í Reykjavík. Er það myndbandaleigan Videóheimurinn, Tryggvagötu 32, sem er einkafirma hennar. Aðalstefnda, sem búsett hafði verið í Englandi, keypti þar og flutti með sér til Íslands myndbandaefni, þ.á m. myndbandaeintak af kvikmyndinni The Hunter sem hún hefur haft til útleigu í myndbandaleigu sinni. Að kröfu aðalstefnenda máls þessa var í fógetarétti Reykjavíkur hinn 21. desember 1982 lagt lögbann við því að undangengnum úrskurði þar um hinn 9. þ.m. að gerðarþoli, Videóheimurinn, leigi út, láni út eða selji myndbandasnældur með kvikmyndinni The Hunter sem er eign Paramount Pictures, New York og Universal Pictures, Los Angeles, og seld hefur verið af CIC Video, London. Í máli þessu er deilt um réttmæti álagðs lögbanns og þeirra krafna annarra sem fram hafa verið settar í máli þessu, bæði í aðalsök og gagnsök og fyrir er getið.

III.

Aðalstefnendur lýsa málavöxtum í aðalsök svo, að samkvæmt sérstökum samningi við CIC Video hafi þeir óskoraðan einkarétt til kaupa og hvers kyns dreifingar á myndefni frá framangreindum aðilum, Paramount Pictures og Universal Pictures, þ.á m. á myndinni The Hunter. Samkvæmt sama samningi sé aðalstefnendum skylt að beita nauðsynlegum úrræðum til að stöðva óheimila útleigu á því myndefni. Aðalstefnda hóf starfrækslu myndbandaleigu í Reykjavík og meðal myndefnis, sem fyrirtækið var með til útleigu, var kvikmyndin The Hunter. Aðalstefnda hafði ekki haft samband við aðalstefnendur til að falast eftir heimild til útleigu á myndinni né hafði henni verið veitt heimild til þess af þeirra hálfu. Vegna þessa hafi verið haft samband við forsvarsmenn aðalstefndu og þeim boðið að hætta að leigja út myndina án nokkurrar rekistefnu. Því boði hafi verið hafnað, a.m.k. hafi aðalstefnda haldið áfram að leigja út myndina. Farið var fram á lögbann við verslun aðalstefndu á framangreindu myndefni og hafi borgarfégeti lagt á lögann þann 21. desember 1982 í samræmi við beiðni aðalstefnenda.

Aðalstefnendur byggja kröfur sínar í máli þessu á því, að þeir hafi með samningum við CIC Video öðlast rétt til að nýta hér á landi í fjárhagslegu augnamiði höfundarrétt að kvikmyndaefni eign eða undir umsjón Paramount og Universal og jafnframt tekist á herðar að koma í veg fyrir

óheimila meðferð annarra aðila á höfundarrétti að kvikmynd á myndbands-snældum háðum höfundarrétti Paramount eða Universal. Aðalstefnda hljóti að hafa vitað eða mátt vita þegar hún hóf útleigustarfsemi sína að efnið væri ekki einskis manns eign og hún hlýti því að verða að afla sér heimildar til fjárhagslegrar notkunar af myndefni þessu hjá þeim, sem væri eigandi að því.

Aðalstefnendur styðja kröfur sínar eftirfarandi lagarökum: Í fyrsta lagi sé skírskotað til samnings CIC Video við aðalstefnendur, dags. 11. desember 1981.

Varðandi heimild sína til að leita réttar hér á landi vegna ætlaðs brots aðalstefndu á höfundarrétti vísist til 1. og 2. tl. 4. gr. fylgiskjals I með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, vísist einnig í því sambandi til 1. mgr. 8. gr. laga um höfundarrétt nr. 73/1972. Ennfremur sé vísað til samnings um höfundarrétt (Universal Copyright Convention), sem samþykktur hafi verið í Genf 6. september 1952 og fullgiltur hafi verið af Íslands hálfu 18. desember 1956.

Vegna lögbannskröfu aðalstefnenda vísist til 2. og 3. gr. sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um höfundarrétt nr. 73/1972, sbr. 2. og 4. tl. 14. gr. fskj. I með auglýsingu nr. 110 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. lög nr. 74/1947.

Skaðabótakrafa aðalstefnenda og krafa þeirra um miskabætur grundvallist á 56. gr. laga um höfundarrétt nr. 73/1972.

Vegna kröfu aðalstefnenda um refsingu til handa aðalstefndu vísist til 1. tl. 2. mgr. 54. gr. laga um höfundarrétt.

Aðalstefnda styður kröfur sínar um niðurfellingu lögbannsgerðar þeim rökum að skilyrði til að leggja á lögbannið hafi ekki verið fyrir hendi. Engar yfirvofandi aðgerðir hafi verið hafðar uppi af hálfu hennar að því er varði verslun eða útlán á myndbandasnældum með myndefni frá hinum tilgreindu framleiðendum Paramount og Universal Pictures. Hún annist einungis útleigu á myndbandaefni. Aðalstefnda telur útleigu lögmæta og hafi því borið að synja um lögbannið.

Sýknukröfu sína styður aðalstefnda öllum sömu rökum og koma fram í greinargerð í lögbannsmáli jafnframt og samhliða eftirfarandi rökum.

1. Aðalstefnda hafi keypt myndbandasnælduna The Hunter með þeim réttindum að henni væri heimilt að leigja hana út til einkanota. Hún hafi keypt myndbandasnældur í Englandi fyrir nokkrum árum síðan eins og framlagðar kvittanir í lögbannsmáli beri með sér. Á þeim tíma hafi eigi verið til að dreifa nokkrum einkaumboðsmanni á Íslandi, svo sem aðalstefnendum, og sé hún því löglega að myndbandasnældunni komin með fullum rétti til útleigu á Íslandi þar sem snældan hafi verið keypt af full-

gildum dreifingaraðila í Englandi. Efni á slíkri myndbandasnældu sé í eðli sínu alþjóðleg, enda flutt með lögmætum hætti til Íslands. Jafnframt sé tíðkanlegt í Bretlandi að myndbandasnældur séu þar seldar með rétti til útleigu til einkanota eins og komi fram í framlögðum gögnum í lögbannsmálinu.

2. Aðalstefnda telji því ómótmælt af hálfu gagnaðila að hún hafi undir höndum lögmætt eintak af kvikmynd þeirri á myndbandasnældu er réttindi aðalstefnenda kynnu að ná til. Haldi hún því fram að aðalstefnandi hafi afsalað sér þeim höfundarréttindum er hann kynni að hafa átt með framleiðslu á framangreindum kvikmyndum á myndbandasnældur. Að mati höfundarlaga teljist hafa farið fram opinber birting á listaverkinu, þ.e.a.s. kvikmyndinni þar sem það hafi verið framleitt í svo miklum fjölda eintaka sem hér um ræðir og þetta eintak sé ljóslega ætlað til einkanota skv. eðli sínu, þ.e. notkun í myndbandatæki. Aðalstefnda telji því ekki ólögmætt að leigja út myndbandasnælduna, enda séu réttindi aðalstefnenda eigi brotin að því er varði opinbera birtingu. Það felist eigi opinber birting í því að myndefni sé notað til einkasýninga þótt snældan hafi verið tekin á leigu.

3. Þeir fyrirvarar, er rétthafar hafi gert með áritun á myndbandasnældur og hulstur yfir myndbandasnældurnar, séu með svo smáu letri að slíkir fyrirvarar geti ekki talist bindandi gagnvart þeim sem hyggist eingöngu nota spólurnar til einkanota. Það sé of flókið að gera margs konar skilgreiningu á því hvað ekki megi gera gagnvart kaupendum myndbandasnældna. Þess vegna sé fyrirvarinn ógildur. Þá sé fyrirvarinn ekki nægilega áberandi eins og hann sé fram settur. Þá sé hann ennfreður eigi réttur þar sem sama áritun sé á öllum snældum, þó mismunandi réttindi fylgi.

Skorað er á aðalstefnanda að upplýsa um öll þau atriði sem rakin hafi verið hér að framan að því er varði sönnunarskyldu hans og að leggja fram samninga, framsal á réttindum frá öllum höfundum til hans. Svo og hvernig réttindum annarra dreifingaraðila sé háttað til að fyllilega sé ljóst hvaða réttarstöðu þeir dreifingaraðilar hafi. Jafnframt verði upplýst um dreifingarréttindi á sömu snældum í Bretlandi á þeim tíma er myndbandasnældurnar voru keyptar.

Kröfum aðalstefnenda um skaðabætur, miskabætur, refsingu og uppþöku eigna sé mótmælt.

Í greinargerð sinni í lögbannsmálinu mótmælir aðalstefnda (gerðarþoli) þeirri staðhæfinu að aðalstefnendur (gerðarbeiðandi) geti vísað til höfundarréttarlaganna íslensku máli sínu til styrktar. Með vísan til 8. kafla laganna nr. 73/1972 sé ljóst, að fjölmargir erlendir höfundar kvikmyndaverka séu þar ekki upptaldir, en í lögunum sé tæmandi talning á þeim er réttar njóti samkvæmt lögum. Kvikmynd þessi sé bandarísk að uppruna

og njóti því eigi réttar samkvæmt lögunum. Eigi geti gerðarbeiðandi heldur byggt rétt sinn á Bernarsáttmálanum þar sem hann hafi eigi upplýst hver sé höfundur framangreinds verks er hafi framselt höfundarréttinn til CIC Video og sé því eigi hægt að ganga úr skugga um það hvort það ríki, sem höfundur telst til, sé aðili að Bernarsáttmálanum. Einungis höfundar sáttmálandanna njóti verndar þeirra. Aðalstefnda bendir á að höfundur ofangreinds verks sé bandarískur ríkisborgari, en Bandaríkin hafi ekki staðfest Bernarsáttmálann. Til þess að sýna fram á að brotinn hafi verið réttur á gerðarbeiðanda sé honum því skylt að sýna fram á frá hverjum hann leiði höfundarrétt sinn þar sem það segi til um hvort um ólögmætt atferli geti verið að ræða gagnvart honum eða ekki.

Þá mótmæli gerðarþoli umboði gerðarbeiðanda er sýni eigi fram á að hann hafi einkaréttindi þau er hann telur sig hafa.

Þá vekur aðalstefnda athygli á því í greinargerð sinni í lögbannsmáli að hún hafi keypt ofangreinda spólu með útleiguréttindum og vísast í því sambandi til kvittana á dskj. nr. 9 í fógetaréttarmálinu þar sem fram komi að spóla þessi hafi verið keypt í Englandi. Hún hafi hins vegar ekki fengið, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, skriflegar upplýsingar frá viðkomandi aðilum um samningsstöðu þeirra við framleiðanda myndbandsins. Þessir aðilar hafi borið fyrir sig að við útgáfu vottorðs handa íslenskum aðila vegna kaupa á myndbandi til útleigu geti þeir tapað viðskiptasambandi við framleiðanda myndbandanna. Þeir hafi hins vegar marg-staðhæft að útleiguréttindi fylgi þeim myndböndum er þeir selji. Því til staðfestu hafi hún aflað ljósritsins á dskj. nr. 8 úr myndbandatímaritinu Video Today er upplýsi í ágúst 1982 að hægt sé að fá viðkomandi myndbönd í Englandi með leiguréttindum. Á dskj. nr. 7 í fógetaréttarmálinu sé ljósrit úr öðru upplýsingatímariti yfir titla og eins og þar komi fram við myndbandafyrirtæki gerðarbeiðanda séu engar útleiguhömlur á myndbandaspólum fyrirtækisins. Því telji aðalstefnda að hún eigi sama rétt hér og hún hafi öðlast í Englandi, enda séu viðskipti með myndbönd metin á alþjóðlegum mælikvarða og nái einkaréttur gerðarbeiðanda, ef einhver sé, ekki til þeirra samninga er aðilar eins og aðalstefnda hafi gert áður en gerðarbeiðandi hafi öðlast einkarétt sinn hér á landi.

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar á því í gagnsök að gagnstefndu eigi ekki lögvarða kröfu á hendur sér. Vegna tjóns er gagnstefndu hafi bakað gagnstefnanda geri hann í þessu máli skaðabótakröfu vegna lögbannsaðgerða gagnstefndu. Krafan sé þannig fundin:

Útleiga hafi tapast á myndbandasnældunni The Hunter í 150	
daga, leigugj. á dag kr. 80	kr. 12.000,-
að frádrægnum söluskatti	— 2.283,-
	kr. 9.717,-

Tapaðir aukadagar áætlaðir 15 × 60,	kr. 900,-
÷ söluskattur	— 171,- kr. 729,-
	kr. 10.446,-
Þar sem kvikmyndin á myndbandasnældunni verði orðin úrelt og óhæf til útleigu megi áætla endursöluverð .	kr. 1.500,-
	kr. 8.945,-
Miskabætur á grundvelli 264. gr. alm. hgl. svo og 1. mgr.	
24. gr. 1. nr. 1851949, sbr. 28. gr. 4. mgr. sömu laga	kr. 10.000,-
	kr. 18.946,-

Í gagnsök mótmæla gagnstefndu skaðabótakröfu gagnstefnanda og byggja á því að verði fallist á kröfur aðalstefnanda þá hvíli skaðabótaskylda á gagnstefnanda en ekki aðalstefnendum. Þá er kröfunni mótmælt sem allt of hárrí. Útleigutími myndarinnar sé ofmetinn og þá liggi ekki fyrir í hverju miski gagnstefnanda sé fólgin og er fullyrt að miski hans vegna máls þessa sé enginn.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslu í máli þessu Friðbert Pálsson, framkvæmdastjóri Háskólabíós, svo og aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir.

IV.

Svo sem fram er komið hafa aðalstefnendur máls þessa, Laugarásbíó og Háskólabíó, Reykjavík, gert samning dags. 11. desember 1981 við Cinema International Corporation (CIC) Video, London, Bretlandi, um kaup á myndböndum og dreifingu þeirra hérlandis. Samkvæmt 1. gr. samnings þessa veitir CIC Video aðalstefnendum óskoraðan einkarétt til að kaupa af fyrirtækinu fyrirfram áteknar myndbandasnældur með kvikmyndum, sem eru eign eða beint eða óbeint háðar umsjón bandarísku kvikmyndaveranna Paramount og Universal („myndbandasnældurnar“) og hafa verið framleiddar og seldar af CIC Video í hinu sameinaða konungsríki. Samkvæmt 2. gr. samnings þessa hafa aðalstefnendur óskoraðan einkarétt til að leigja myndbandasnældurnar almenningi til heimanotkunar í landinu Íslandi einu. Þá er tekið fram í 4. gr. samningsins, að aðalstefnendur skuli beita öllum nauðsynlegum úrræðum til að hindra óheimila fjölföldun, sölu, leigu og/eða opinberan flutning, útsendingu eða sýningu á Íslandi á áteknum myndbandasnældum, sem hafa inni að halda kvikmyndir frá Paramount og Universal. Upphaflegt samningstímabil samkvæmt 2. gr. samningsins var til 31. desember 1982, sem síðan var framlengt til ársloka 1983, sbr. dskj. nr. 22 í málinu og að sögn forráðamanna Háskólabíós hefur samningur aðila nú verið endurnýjaður með nýjum samningi, efnislega óbreyttum.

Mál þetta snýst um útleigu aðalstefndu hér á landi á myndbandinu The Hunter sem fyrir liggur að framleitt er af CIC Video, London. Í áletrun á myndbandi þessu er aðvörun skráð á ensku, sbr. fógetaréttarskjal nr. 6, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu, sbr. dskj. nr. 9: „Eigandi höfundarréttar hefur heimilað þessa mynd (þar á meðal hljóðræmu hennar), sem fólgin er í þessari myndbandssnældu, til heimilisnotkunar einungis. Allur annar réttur áskilinn. Hvers konar óheimil afritun, klipping, sýning, tákning, tákta, skipti, útlán, leiga, opinber sýning, útbreiðsla og/eða útvörpun þessarar myndbandasnældu eða einhvers hluta hennar er stranglega bönnuð. (C) 1980 Paramount kvikmyndafélagið. Öll réttindi áskilin. Framleitt í Bretlandi.“

Líta ber svo á, að fyrirvari þessi feli í sér yfirlýsingu um framsal höfundarréttar til CIC Video, Bretlandi, að því er varðar framleiðslu eða eintaka-gerð kvikmyndaverksins The Hunter á myndbönd með öllum þeim réttindum sem slíku framsali fylgir að höfundarrétti.

Samkvæmt fyrrnefndum samningi við CIC Video hafa aðalstefnendur máls þessa heimild til málshöfðunar til verndar rétti höfundar vegna þeirra kvikmyndaverka, sem samningurinn tekur til.

Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum gildir í samskiptum aðildarríkja hans varðandi höfundarréttarleg málefni. Ísland og Bretland eru bæði aðilar að þeim sáttmála. Með lögum nr. 74/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, sbr. auglýsingu nr. 110/1947, hefur Ísland staðfest Bernarsáttmálann frá 9. september 1886, í þeirri gerð sem hann varð eftir endurskoðun og breytingar í Berlín 13. nóvember 1908 og Róm 2. júní 1928. Sáttmálinn er birtur í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 110/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið. Samkvæmt 4. gr. 1. og 2. tl. sáttmálans fer það eftir íslenskum lögum, nú höfundalögum nr. 73/1972, hversu víðtækrar verndar höfundarréttarhafi nýtur hér á landi, nema öðruvísi sé fyrirbúið í sáttmálanum sjálfum.

Ákvæði höfundalaga nr. 73/1972 taka til kvikmynda samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna, og eiga lögin því við um réttarágreiningu aðila í máli þessu.

Með þeirri aðlögun framangreinds kvikmyndaverks, sem felst í eintaka-gerð þess eða framleiðslu á myndbönd, verður talið að CIC Video hafi þar með öðlast höfundarrétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess, sbr. 1. mgr. 5. gr. höfundalaga. Samkvæmt 3. gr., sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 2. gr. laganna átti fyrirtækið CIC Video, London þannig einkarétt til útgáfu og til að bjóða opinberlega til sölu, láns eða leigu eða dreifa til almennings með öðrum hætti myndböndum með myndefni úr kvikmyndinni The Hunter eða heimila öðrum að gera það, svo sem fyrirtækið hefur gert með samningi sínum við aðalstefnendur máls þessa og fyrr getur. Ekki verður talið að ákvæði 24. gr. höfundalaga, sem heimila sölu, lán, leigu og aðra dreifingu

til almennings á eintökum bókmenntaverks, sem út hafa verið gefin, taki til myndbanda, enda eru þessi ákvæði greinarinnar undantekningarákvæði sem skýra ber þröngt.

Liggur þá fyrir að fjalla um einstaka liði kröfugerðar í aðalsök.

Um kröfulið 1.

Samkvæmt yfirlýsingu aðalstefnanda Háskólabíós, á dskj. nr. 24, sem ómótmælt er, var myndbandið *The Hunter* keypt frá CIC Video 14. desember 1981 og leigt út síðan, bæði frá Háskólabíói, — Myndbandaleigu kvikmyndahúsanna, — og hjá þeim myndbandaleigum sem gert hafa samning við Háskólabíó. Aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa haft til útleigu í myndbandaleigu sinni Videóheiminum, myndbandið *The Hunter* framleitt af CIC Video, London. Kveðst hún hafa keypt myndband þetta í Bretlandi með réttindum til útleigu á Íslandi. Aðalstefnda hefur ekki, gegn mótmælum aðalstefnenda, sýnt fram á að hún hafi öðlast einhvern rétt til útleigu greinds myndbandaefnis hér á landi og verður ekki talið, svo sem gögn liggja fyrir í máli þessu, að hún hafi getað öðlast slíkan rétt hér á landi án milligöngu aðalstefnenda eftir að til einkaréttar þeirra stofnaðist. Með greindri útleigustarfsemi sinni braut aðalstefnda því rétt aðalstefnenda sem máttu því fá lagt lögbann við þeim verknáði samkvæmt 26. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Hinn 21. desember 1981 lagði fógæti lögbann við því að Videóheimurinn „leigi út, láni út eða selji myndbandasnældur með kvikmyndinni *The Hunter* sem er eign Paramount Pictures, New York, og Universal Pictures, Los Angeles, og seld hefur verið af CIC Video, London.“ Réttarstefna til héraðsdóms í aðalsök máls þessa var útgefin 28. desember 1981 og þannig fullnægt lagaskilyrðum til höfðunar staðfestingarmáls þessa, sbr. 1. mgr. 20. gr. og 27. gr. laga nr. 18/1949. Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta greint lögbann að því er varðar útleigu og lán á myndbandi með kvikmyndinni *The Hunter*, í samræmi við takmörkun sakarefnisins. Ósannað er að aðalstefnda hafi haft það myndefni til sölumeðferðar og verður því lögbannið ekki látið ná til sölu sbr. gagnályktun af ákvæðum 26. gr. laga nr. 18/1949.

Um kröfulið 5.

Rétt þykir að fjalla næst um refsikröfu samkvæmt kröfulið 5. Upplýst er og viðurkennt, svo sem fram er komið að aðalstefnda, Elínborg Kjartansdóttir, hafði til útleigu í myndbandaleigu sinni, Videóheiminum, myndbandið *The Hunter* frá CIC Video. Á myndbandssnældu þessari er skráð aðvörðun sem fyrr er rakin þar sem m.a. er lagt bann við útleigu og/eða láni verksins sem brýtur gegn rétti eiganda höfundarréttar. Aðalstefndu var

kunnugt um fyrirvara þennan og mátti því vera ljóst að til útleigu greinds myndbands þurfti hún heimild rétthafa. Þá heimild hafði hún ekki og með útleigustarfsemi sinni hefur aðalstefnda brotið gegn ákvæðum 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972 um einkarétt höfundar. Ber því að dæma aðalstefndu til refsingar samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 1. mgr. sömu greinar. Refsing aðalstefndu þykir hæfilega ákveðin 4.000,00 króna sekt er renni til ríkissjóðs, en til vara komi 5 daga varðhald ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo sem fram er komið er Videóheimurinn einkafirma aðalstefndu, Elinborgar Kjartansdóttur. Eins og atvik liggja fyrir í máli þessu þykja ekki efni vera til að dæma sérstaklega fésekt á hendur firmanu.

Skaðabótakröfu samkvæmt kröfulið 2 hefur verið vísað frá dómi með frávisunardómi uppkveðnum 6. júlí sl., svo sem fyrr greinir.

Um kröfulið 3.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972 má dæma höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með refsiverðri háttsemi. Hafa aðalstefnendur krafist miskabóta að fjárhæð kr. 15.000,00 á þeim grundvelli. Ekki verður talið að réttur höfundar til miskabóta samkvæmt greindu lagaákvæði geti fallið öðrum í skaut en honum sjálfum, og þar sem höfundur kvikmyndaverks þess, sem um er deilt, er ekki aðili að máli þessu, ber að sýkna aðalstefndu af kröfum samkvæmt þessum lið.

Um kröfulið 4.

Samkvæmt 1. mgr. 55. gr. laga nr. 73/1972 með hliðsjón af niðurstöðu í kröfuliðum 1 og 5 ber að taka til greina kröfu aðalstefnenda samkvæmt þessum lið um upptöku myndbands aðalstefndu með kvikmyndinni The Hunter til handa aðalstefnendum án endurgjalds.

Framangreind niðurstaða málsins í aðalsök leiðir til þess að sýkna ber gagnstefndu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi, bæði í aðalsök og gagnsök, og eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt að aðalstefnda persónulega og vegna einkafirma síns, Videóheimsins, greiði aðalstefnendum in solidum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Framangreint lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 21. desember 1982, að því er varðar útleigu og lán á myndbandi með kvikmyndinni The Hunter, er staðfest.

Aðalstefnda, Elinborg Kjartansdóttir, persónulega og f.h. einkafirma síns, Videóheimsins, skal vera sýkn af kröfu aðalstefnenda, Laugarásbíós og Háskólabíós, um miskabætur.

Aðalstefnda, Elinborg Kjartansdóttir, greiði kr. 4.000,00 í sekt til ríkissjóðs en sæti til vara 5 daga varðhaldi ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Myndband aðalstefndu með kvikmyndinni The Hunter skal upptækt endurgjaldslaust til aðalstefnenda.

Gagnstefndu, Laugarásbíó og Háskólabíó, skulu vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Elinborgar Kjartansdóttur, í gagnsök.

Aðalstefnda, Elinborg Kjartansdóttir, persónulega og vegna einkafirma síns, Vidóheimsins, greiði in solidum aðalstefnendum, Laugarásbíói og Háskólabíói, kr. 25.000,00 í málskostnað, bæði í aðalsök og gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1986.

Nr. 41/1985. **Samvinnutryggingar g/t**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

**Húsfélaginu Skarðsbraut 7, 9 og 11,
Akranesi**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Vátryggingarsamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1985. dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum